

Skýrsla Æskulýðsnefndar Hestamannafélagsins Harðar



Mosfellsbæ 2005

Nefndarmenn; Guðrún Ólöf Jónsdóttir, Marianna Eiríksson, Elín Bergsdóttir, Anna B Jónsdóttir, Valgerður J Þorbjörnsdóttir, Vera Roth, Helga H Þorleifsdóttir og Kolbrún Haraldsdóttir

Foreldrafundur. Þann 19. janúar hófst starfið sl. vetur með fundi þar sem börnum og foreldrum þeirra var kynnt vetrarstarfið. Skráning hófst á reiðnámskeið fyrir fyrri hluta vetrarins og heiðruðum við 3 einstaklinga í 3 flokkum, barna, unglinga og ungmenni fyrir góðan árangur á sl. ári.

Námskeiðin hófust í byrjun febrúar, Sigrún Sigurðardóttir reiðkennari kenndi líkt og undanfarin ár, og voru 4 hópar á þriðjudögum og 4 hópar á fimmtudögum alls 46 börn og unglingar. Einnig var boðið upp á sérstakt keppnisnámskeið sem reiðkennararnir Friðdóra Friðriksdóttir og Oddrún Ýr Sigurðardóttir sáu um. Á því námskeiði voru 20 börn og unglingar í 5 hópum.

Námskeiðin voru niðurgreidd af styrktarfé sem Mosfellsbær lætur æskulýðsstarfinu í té. Auk þess greiðir Mosfellsbær leigu á húsnæði fyrir kennsluna í Hestamiðstöðinni Hindisvík. Eftir páska hófust síðan seinni námskeiðin og skáðu sig 40 börn hjá Sigrúnu Sigurðardóttur, þau yngstu á 6. aldursári.

Knapamerkjanámskeið var haldið á sama tíma og voru 20 börn og unglingar sem skráðu sig. Af þeim 20 voru 18 sem luku 1. stigi (Græna knapamerkið) , 5 luku við 2. stigið (appelsínugula knapamerkið) Af þeim voru 3 sem tóku bæði stigin. Þannig að nóg var að gera hjá Harðarbörnunum í vor.



Glöð og ánægð börn við afhendingu viðurkenningarskjala sinna í Knapamerkjakerfinu.

Fræðslufundur. Æskulýðsnefndin sá um fræðslufund, var Sölvi Sigurðarson fenginn til að fræða börnin og unglingana um fóðrun og heilbrigði hesta. Mæting var mjög góð og voru börnin mjög áhugasöm, líflegar umræður voru eftir fræðsluna og mikið rýnt í einkenni sjúkdóma.

Unglingaárshátíð 27 febrúar haldin í Fákshéimilinu. Þeir Harðar unglingar sem fóru skemmtu sér vel, en mæting hefði mátt vera betri.

Barnaárshátíðin, (9-12 ára) 4 mars. Hin sameiginlega barnaárshátíð Hestamannafélaganna á höfðuborgarsvæðinu var haldin í Félgasheimilinu okkar, Harðarbóli samkvæmt venju sl ára. Var góð mæting og óskuðum við eftir að forráðamenn hinna félaganna mættu með sínum félagsmönnum og var það mjög gott þar sem tæplega 90 börn komu. Boðið var upp á skemmtiatriði og töfraði Lalli töframaður börnin upp úr skónum. Vakti hann mikla athygli fyrir vel útfærða töfra og reyndu sum börnin að sjá í gegnum brögðin. Síðan var matur og farið í leiki og dansað á eftir.

Æskan og Hesturinn 12. og 13. mars. Mikil eftirvænting er ávalt fyrir þátttöku í sýningunni Æskan og Hesturinn, þar sem börnin fá gleði og útrás í búningagerð. Sigrún Sigurðardóttir og Oddrún Ýr völdu þátttakendur og hesta. Oddrún sá um að æfa atriði Harðarmanna sem var nú spænskt þema "Senjorar og Senjoritur". Kolbrún Haraldsdóttir sá um búningahönnun með aðstoð Úlfhildar Geirsdóttur sem saumað hefur búninga fyrir félagið til margra ára. Tókst sýningin vel og var okkur til sóma. Einnig skiptu 6 stúlkur með sér að vera í fánareidinni sinn hvorn daginn.



Oddrún leggur línurnar fyrir sýninguna
Harðarstúlkurnar, Rut og AðalheiðurGuðjónsdætur ásamt Ragnheiði
og Söndru Sigurðardóttur tilbúna í fánareidina



Hestheimaferðin. Helgina 23 – 25 apríl var farið með 11 börn og hesta til Ástu Beggu og Gísla í Hestheimum Ásahreppi. Ferðin var ævintýrleg í alla staði fyrir börnin og unglingana, að eyða heilli helgi við frábærar aðstæður með hestinum sínum. Reynsla okkar af þessum ferðum hingað til hefur verið frábær. Ásta Begga ofdekraði okkur í mat, litla gistihúsið var yndislegt, þar var gott pláss og heitur pottur og aðstæður fyrir hestana okkar var glæsileg, í stóru og björtu hesthúsi. Þar er innangengt í reiðhöllina þar sem börnin höfðu aðstöðu til náms og leikja. Fengum við reiðkennara úr næsta nágrenni, Hugrúnu Jóhannsdóttur í Austurkotu til að leiðbeina þeim. Var einnig farið í útreiðatúr um sveitina.



Katrín Sveinsdóttir



Vera Roth og Hildur Kristín Hallgrímsdóttir



Einn hópur tilbúinn í reiðkennslu



Hugrún reiðkennari fer yfir áhesluatriðin eftir reiðkennsluna



Leo Hauksson og Daníel H Michaelsson



Kátir Harðar krakkar í Hestheimum

Youth Camp 2005. Sigurgeir Jóhannsson, 13 ára félagi í Herði, sótti um að komast á unglingamót FEIF Youth Camp í sumar og var það samþykkt að hann yrði einn af íslensku unglingunum fyrir hönd LH.



Þolreiðin að Laxnesi. Nokkur börn og unglingar í Herði voru fengin til að aðstoða knapa er tóku þátt í Þolreið frá Fáksheimilinu í Víðidal að Laxnesi í Mosfellsdal. Hjálpuðu þau við skráningu í byrjun, tímatöku og aðstoðuðu knapa að Laxnesi. Einnig fylgdust börnin með skoðun dýralæknanna Þórunnar Þórarinsdóttur og Helga Sigurðssonar á hestunum af miklum áhuga. Tvö Harðarbörn tóku þátt í Þolreiðinni og voru þau einu börnin í þeim flokki. Mikill áhugi er hjá framkvæmdaaðilum þolreiðarinnar, að hún verði árlegur viðburður þar sem æskulýðsstarf Harðar myndi koma að og aðstoða og njóta góðs af.

Fyrir hönd Æskulýðsnefndar
Guðrún Ólöf Jónsdóttir og Kolbrún Haraldsdóttir